

Reglur um endurgreiðslu ferðakostnaðar

Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga endurgreiðir ferðakostnað sjóðfélaga vegna viðtals við trúnaðarlækni sjóðsins tengdri umsókn um örorkulífeyri hjá sjóðnum, að undangengnum eftirfarandi skilyrðum;

1. Sjóðfélagi sé búsettur utan höfuðborgarsvæðisins.
2. Sjóðfélagi leggi fram reikning / kvittun fyrir greiddum ferðakostnaði ef ferð er farin með flugi, ferju, áætlanarbíl eða öðrum almenningsfarartækjum.
3. Sjóðfélagi leggi fram undirritaða staðfestingu á komu til trúnaðarlæknis.

Lífeyrissjóðurinn endurgreiðir kostnað skv. framlögðum reikningum / kvittunum, sbr. 2. tl. Nýti sjóðfélagi eigin bifreið endurgreiðir lífeyrissjóðurinn kostnað skv. kílómetragjaldi sem er kr. 34,18 pr. km.

Lífeyrissjóðurinn áskilur sér ávallt rétt til þess að krefjast frekari gagna af sjóðfélaga, telur sjóðurinn þörf á.

Reglur þessar gilda um endurgreiðslu ferðakostnaðar frá 1. maí 2022 og eru háðar fyrirvaralausum breytingum af hálfu stjórnar sjóðsins.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi 19. apríl 2022.